



# HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

*Við eigum aðeins eina plánetu. Við höfum engan annan stað til að fara á. Ef við nýtum sköpunarkraft okkar vel þurfum við ekki að fara neitt annað. Ef við pössum upp á plánetuna okkar og hvert annað, þá er allt sem við þörfumst einmitt hér.*

Sir Ken Robinson

Höfundur / Kennari

## Inngangur að markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

### Námshgreinar

Samfélagsfræði, landafræði, félagsfræði.

### Markmið

Að nemendur geti gert grein fyrir mikilvægi nýrra markmiða SP um sjálfbæra þróun, og finni leiðir til að tengja við sitt nærumhverfi.

### Undirbúningur

- Hafið sýnilegt útprentað afrit af heimsmarkmiðunum og ef mögulegt prentið þau einnig út fyrir hvern nemanda (sjá viðauka 2 eða 3).

- Aflið upplýsinga og heimilda á vefsíðunni: [www.globalgoals.org/worldslargestlesson](http://www.globalgoals.org/worldslargestlesson)
- Það þarf að setja upp sex upplýsingastöðvar fyrir nemendur. Lista yfir markmiðin er að finna hér að neðan ásamt hugmynd að uppröðun á stöðvunum sex (viðauki 4). Dreifið upplýsingum á hverja stöð. Upplýsingarnar gætu verið stuttar dæmisögur, myndir, tölfærði o.fl. Slíkt efni er hægt að sækja á Global Goals vefsíðunni.
- Þessar stöðvar munu gera nemendum kleift að læra meira um markmiðin.

Tími:

60  
mín

Aldursbil:

8-14  
ára

# Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun / Heimsmarkmiðin (Sustainable Development Goals)

5  
mín

## Verkefni

Hafið eftirfarandi spurningu sýnilega þegar nemendurnir koma inn í kennslustofuna:

„Hver eru stærstu vandamálin sem við stöndum frammi fyrir í heiminum í dag?“

Nemendurnir gætu þurft örlitla hvatningu til að hugsa út frá sjónarhóli annarra og sjá stóru myndina. Nemendur, saman í þörum, reyna að greina stærstu vandamál heimsins. Þeir geta annað hvort rætt hugmyndir sínar eða skrifað þær niður, en þeir ættu að vera tilbúnir til að deila niðurstöðum sínum með öðrum í bekknum.

## Aðrir möguleikar

Það getur verið einfaldara fyrir suma nemendur að hugsa um vandamálin í eigin landi til að byrja með og víkka sig svo út yfir í vandamál sem eiga sér stað á heimsvísu.

Fyrir yngri nemendur er hægt að biðja um þrjú eða fimm stærstu vandamálin og biðja þá um að hugsa líkt og þeir væru leiðtogi landsins.

Einnig er hægt að dreifa sex myndum, sem standa fyrir þemu markmiðanna, um kennslustofuna. Biðja svo nemendur um að skoða myndirnar og finna út fyrir hvaða vandamál hver mynd stendur fyrir og taka sér svo stöðu við það vandamál sem þeir telja vera alvarlegast. Biðjið nokkra nemendur um að útskýra val sitt. Hægt er að finna viðeigandi myndir á [www.globalgoals.org/worldslargestlesson](http://www.globalgoals.org/worldslargestlesson).

Þegar nemendurnir hafa gert grein fyrir vali sínu eiga þeir að geta skipt og tekið sér stöðu við aðra mynd ef þeir hafa heyrt sannfærandi rök fyrir því.

Annar valmöguleiki er að nota viðauka 1, þar sem ýmis vandamál eru talin upp, og biðja nemendur um að velja þau vandamál sem þeim þykir mikilvægast að leysa. Hægt er að gera þetta á samfélags-, lands- og heimsvísu til að sjá hvort einhver munur sé á vali nemendanna eftir tengslunum við líf þeirra sjálfra.

## Verkefni

5  
mín

Hversu mörg vandamál þekktu nemendurnir? Berið þeirra lista saman við heimsmarkmiðin sem eru til sýnis eða hefur verið dreift um bekkinn (viðauki 2 eða 3). Bentu á þau markmið sem passa við vandamálin sem nemendurnir töluðu um.

Hægt er að stækka verkefnið með því að búa til umræðu um ástæðuna fyrir því að nemendurnir töldu sum vandamál vera mikilvæg en önnur ekki. Voru einhver markmið eftir sem enginn benti á? Ef svo er, hvers vegna eru þau með í heimsmarkmiðunum?

## Að skilja heimsmarkmiðin

10  
mín

Á vefsíðunni <http://un.is/namsefni/throunarmarkmidin> er fræðslumyndband á íslensku eftir Sir Ken Robinson sem nemendur geta horft á, ýmist á stórum skjá, tölvuskjá, í spjaldtölvu eða farsíma. Þar er einnig teiknimyndasaga sem hægt er að lesa í farsíma eða spjaldtölvu með því að fletta í gegnum rammana.

## Verkefni

25  
mín

Hvers vegna eru þessi vandamál svona alvarleg? Nemendurnir fara milli stöðvanna sex í kennslustofunni til að auka þekkingu sína og skilning.

- Búið er að setja upp sex stöðvar með upplýsingum og ítarefni til að gera nemendum kleift að læra meira um markmiðin. Hugmynd að þema fyrir hverja stöð og þau alþjóðmarkmið sem eiga að vera með finnurðu í viðauka 4.
- Á hverri stöð þurfa að vera ítarlegar upplýsingar, til dæmis stuttar dæmisögur, persónulegar sögur, ljósmyndir, tölfraði o.fl. Hægt er að finna viðeigandi heimildir á [www.globalgoals.org/worldslargestlesson](http://www.globalgoals.org/worldslargestlesson).
- Nemendur heimsækja allar stöðvar í hópum til að fá upplýsingar um markmiðin. Þeir hafa aðeins fjórar mínútur á hverri stöð svo þú þarft að gefa merki þegar skipta á um stöð.
- Við hverja stöð skrifar nemendahópurinn niður að minnsta kosti eina staðreynd sem hefur komið þeim á óvart. Einnig er hægt að biðja nemendurna að hugsa sér eina spurningu á hverri stöð sem þeir mundu vilja fá svar við og hægt væri að fjalla um í kennslustund eða vinna í heimavinnu.

## Aðrir möguleikar

- Önnur leið er að láta nemendurna hafa spurningalista sem þau geta svarað með því að skoða stöðvarnar. Spurningar byggja á námsefninu sem hefur verið valið fyrir hvert þema.
- Ef tími, pláss eða heimildir eru af skornum skammti er hægt að dreifa blöðum með stuttum lýsingum á nokkrum vandamálum sem markmiðin vekja athygli á í von um breytingar. Nemendur lesa blöðin og ákveða hvaða markmið myndi hjálpa við að leysa hvert vandamál. Hægt er að einfalda undirbúninginn með því að nota barnvænu markmiðin eru á vefsíðunni [www.globalgoals.org/worldslargestlesson](http://www.globalgoals.org/worldslargestlesson).

## Verkefni

10  
mín

Nemendur ákveða hvaða markmið þeim þykir mikilvægast, hvers vegna og hvernig markmiðið tengist öðrum markmiðum. Nemendurnir skrifa svo málsgrein þar sem þeir útskýra val sitt og vísa til upplýsinga sem þeir hafa safnað á stöðvunum sex.

## Aðrir möguleikar

Ef tíminn er naumur getur þetta verið heimavinnuverkefni.

Nemendurnir geta klippt markmiðin út og raðað eftir mikilvægi. Þeir geta haft viðauka 2 eða 3 til hliðsjónar þegar þeir ákveða hvaða markmið eru mikilvægust. Einnig geta nemendurnir búið til skýringarmynd sem sýnir sambandið milli markmiðanna og hvernig þau tengjast, t.d. með því að nota örvar eða aðra skapandi leið til að sýna tengslin.

## Verkefni

5  
mín

Til að ljúka kennslustundinni slá nemendur botninn í setninguna:

„Heimsmarkmiðin eru mikilvæg vegna þess að...“

Þú getur valið „flottustu“ setninguna. Bentu nemendum á að takmarka orðafjölda sinn þannig að hægt sé að nota setningarnar til að búa til dagblaðafyrirsögn eða kvak (tweet) @theglobalgoals #largestlesson #okkarheimur2030

**Fylgdu verkefnunum eftir:** Kíkið á [www.dfcworld.com](http://www.dfcworld.com) og deilið nokkrum sögum af breytingum sem „Ég get“ ofurhetjurnar hafa skapað með nemendum. Hannið eigið hópverkefni til að búa til breytingar í þínu samfélagi með því að nota FIDS (Feel, Imagine, Do, Share) ferlið og deilið svo árangrinum á [www.dfcworld.com](http://www.dfcworld.com).

### Meira námsefni til að fræða nemendur um efni sem tengjast heimsmarkmiðunum:

Fyrir meira kennsluefni frá góðgerðarfélögum og útgefendum sem fjallar um alls kyns alþjóðamálefni til þess að styrkja heimsþegarétt (e. global citizenship), kíktu á vefsíðuna Global Dimension: [www.globaldimension.org.uk](http://www.globaldimension.org.uk)

Fyrir kennsluefni og bakgrunnsupplýsingar um börn sem lifa við fátækt, kíkið á skólasiður UNICEF <http://teachunicef.org/>. Ýmsar upplýsingar og námsefni á Íslensku má svo finna á síðunum [www.un.is/skolavefur](http://www.un.is/skolavefur), [www.barnasattmali.is](http://www.barnasattmali.is) og [www.globalis.is](http://www.globalis.is), og í rafrókunum *Litli kompás* og *Verður heimurinn betri?*

# Áskoranir sem fólk býr við í dag (notað til að gefa hugmyndir ef þörf er á)

- Fátækt
- Ójöfnuður milli landa
- Hungur
- Slæm heilsa og sjúkdómar
- Óhreint vatn
- Skortur á hreinlæti
- Léleg menntun – sum börn komast ekki í skóla
- Illa launuð störf og skortur á vinnu
- Lítil hagvöxtur – löndin þéna ekki nógu mikið til að borga fyrir allt það sem íbúarnir þurfa
- Misrétti – misjafnlega komið fram við fólk eftir kyni og konur og karlar fá ekki sömu tækifæri
- Stríð, bardagar og óstöðugleiki
- Fólki finnst það ekki vera öruggt
- Ofbeldi meðal fólks
- Spilling og óréttlæti
- Engin virðing borin fyrir mannréttindum
- Lönd vinna ekki saman og eru aldrei sammála um neitt!
- Ekki til næg orka til að allir geta lifað þægilegu lífi
- Veikir innviðir, léleg tækni og fjarskipti
- Óöruggar borgir
- Ósjálfbærar borgir þar sem neyslan er meiri en heimurinn getur framleitt
- Auðlindum er sóað og endurvinnslan er ekki nógu mikil
- Loftslagsbreytingar
- Mengaður sjór og höf
- Skemmt búsvæði
- Við höfum takmarkaðan aðgang að tækni, dýrum farsímum og tölvum
- Fólki finnst það ekki vera nógu verndað
- Fólksfjölgun
- Offita
- Kynþáttafordómar
- Hrun samfélaga



# HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



**#OKKARHEIMUR2030**

## Heimsmarkmiðin – prentútgáfa í lágrí upplausn

<b>1</b> ENGIN FÁTÆKT	<b>2</b> EKKERT HUNGUR	<b>3</b> GÓÐ HEILSA	<b>4</b> MENNTUN FYRIR ALLA	<b>5</b> JAFNRÉTTI KYNJANNA	<b>6</b> HREINT VATN OG SALERNISAÐSTAÐA
<b>7</b> SJÁLFBÆR ORKA	<b>8</b> GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR	<b>9</b> NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING	<b>10</b> AUKINN JÖFNUÐUR	<b>11</b> SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	<b>12</b> ÁBYRG NEYSLA
<b>13</b> VERNDUN JARÐARINNAR	<b>14</b> LÍF UNDIR VATNI	<b>15</b> LÍF Á LANDI	<b>16</b> FRÍÐUR OG RÉTTLÆTI	<b>17</b> ALPJÓÐLEG SAMVINNA	 <b>ALPJÓÐAMARKMIÐIN</b>

## Að kanna efnistöð heimsmarkmiðanna

Nafn stöðvar	Markmið á stöð
Fátækt	1. Engin fátækt 10. Aukinn jöfnuður
Heilsa og heilbrigði	2. Ekkert hungur 3. Góð heilsa 6. Hreint vatn og salernisaðstaða
Menntun og atvinna	4. Menntun fyrir alla 8. Góð atvinna og hagvöxtur
Örugg og sanngjörn veröld	5. Jafnrétti kynjanna 16. Friður og réttlæti
Sjálfbærni	7. Sjálfbær orka 9. Nýsköpun og uppbygging 11. Sjálfbærar borgir og samfélög 12. Ábyrg neysla 17. Alþjóðleg samvinna
Umhverfi	13. Verndun jarðarinnar 14. Líf undir vatni 15. Líf á jörðu